



2012

Þjóðarspejillinn

# Einelti meðal íslenskra skólabarna 2006-2010

Ársæll Arnarsson  
Þóroddur Bjarnason

Félags- og mannvísindadeild  
Ritstjórar  
Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XIII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2012

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Einelti meðal íslenskra skólabarna 2006-2010

Ársæll Arnarsson  
Þóroddur Bjarnason

Á undanförunum tveimur áratugum hefur orðið vitundarvakning meðal almennings, skólafólks og fræðimanna um einelti. Þrátt fyrir að einelti meðal íslenskra skólabarna mælist minna en í flestum öðrum löndum verður engu að síður um það bil einn af hverjum 20 nemendum í 6. bekk fyrir síendurteknu og alvarlegu einelti (Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2009). Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á skaðsemi eineltis á velferð barna (Hawker og Boulton, 2000; Reijntjes, Kamphuis, Prinzie og Telch, 2010) og reglulega birtast í dagblöðunum áminningar um það hversu illa það getur leikið einstaklinga. Engum blöðum er um það að fletta að það einelti, sem sum börn og unglingar verða fyrir af hendi jafnaldra, er alvarlegt vandamál (Turner, Finkelhor, Hamby, Shattuck og Ormrod, 2011), enda hefur verið gerð gangskör að því að uppræta það innan skólakerfisins (Olweus og Limber, 2010; Ryan og Smith, 2009). Hluti af þeirri lausn felst í því að leiðrétta ýmsan lífseigan misskilning. Einelti er ekki “eðlilegur” hluti barnæskunnar, það á sér ekki bara stað í „slakari“ skólum og það eru ekki bara “verri“ nemendur sem leggja í einelti. Einelti á sér stað í öllum skólum og nemendur með mismunandi félagslegan bakgrunn og vitsmunalega færni eru gerendurnir (Vernberg og Biggs, 2010).

Samkvæmt skilgreiningu Dan Olweus (1996a) felst einelti í því að nemandi verður fyrir síendurtekinni neikvæðri hegðun af hendi eins eða fleiri samnemanda sinna. Þessi neikvæða hegðun er viljandi og veldur þolandanum vanlíðan og/eða áverkum. Hegðunin getur verið með beinum hætti í formi líkamlegs eða andlegs ofbeldis (með til dæmis barsmíðum eða stríðni) en einnig með óbeinum hætti eins og andlitstjáningu, illu umtali eða með því að skilja útundan. Þá hafa gerendur einnig tekið tæknina í sína þjónustu sem veldur því að börn eru nú í ríkari mæli lögð í einelti með smáskilaboðum í gegnum síma og á samskiptasíðum á netinu (Patchin og Hinduja, 2006). Í einelti felst einnig valdaójafnvægi þar sem þolandinn á í erfiðleikum með að verja sig og er því hjálparlaus gagnvart gerendunum. Flest börn verða einhvern tímann fyrir því að vera strítt eða skilin útundan, en í rannsóknum er miðað við að slíkt þurfi að eiga sér stað með reglubundnum hætti að minnsta kosti tvisvar til þrisvar í mánuði til þess að verða skilgreint sem einelti (Olweus, 1996a).

Rannsóknir hafa sýnt fylgni milli þess að vera þolandi eineltis og ýmissa líkamlegra, félagslegra og andlegra vandamála. Í sumum tilfellum getur verið erfitt að segja til um hvað sé afleiðing og hvað sé orsök. Engin slík vandamál geta þó talist réttlætning fyrir einelti. Börn sem lögð eru í einelti aðlagast umhverfi sínu verr félagslega (Goldbaum, Craig, Pepler og Connolly, 2003; Scholte, Engels, Overbeek, de Kemp og Haselager, 2007), finna frekar fyrir þunglyndi (Kaltiala-Heino, Rimpela, Marttunen, Rimpela, og Rantanen, 1999), hafa lágt sjálfsmat (Egan og Perry, 1998; Juvonen, Nishina og Graham, 2000), eru frekar einmanna, hlédræg og hafa tilhneigingu til að eigna sjálfu sér orsök (*internalize*) vandamála sinna (Boivin, Hymel og Bukowski, 1995; Boivin og Hymel, 1997; Goldbaum o.fl., 2003; Kochenderfer-Ladd og Wardrop, 2001). Þá upplifa þolendur eineltis einnig ýmiss konar erfiðleika, ótta, kvíða og/eða forðast aðstæður sem tengjast skólanum beint (Kumpulainen o.fl., 1998) og að meðaltali gengur þeim verr námslega (Carney og Merrell, 2001; Juvonen o.fl., 2000; Kochenderfer og Ladd, 1996; Schwartz, Gorman, Nakamoto og Toblin, 2005). Þessi einkenni sjást meðal þolenda af báðum kynjum, á öllum skólaaldri, sem verða fyrir

beinu og óbeinu einelti. Neikvæðar afleiðingar eineltis eru ekki bundnar við huglægt mat þolendanna heldur staðfestir mat skólafélaganna slík tengsl. Þannig kemur í ljós að þeim börnum sem jafnaldrar telja vera fórnarlömb eineltis líður verr en þeim sem jafnaldrarnir telja ekki vera fórnarlömb (Hawker og Boulton, 2000).

Margir vísindamenn halda því fram að eineltið sjálft sé orsakavaldur sálrænna erfiðleika vegna þess ótta og þeirrar niðurlægingar sem það hefur í för með sér og leiða af sér þunglyndi, neikvæða sjálfsmynd og félagsfælni (Hanish og Guerra, 2000). Á hinn bóginn geta sálrænir erfiðleikar barna einnig orðið tilefni eineltis (Finnegan, Hodges og Perry, 1996). Börn sem eru á einhvern hátt öðruvísi en aðrir eru líklegri til að verða fyrir einelti og börn sem sýna t.d. einkenni einhverfu, ofvirkni eða kvíða geta auðveldlega orðið skotspónar eineltis. Þau eiga jafnframt erfiðara með að bregðast við áreitni og það getur kallað fram enn verri hegðun hjá árásgjörnum börnum.

Einnig hefur fundist fylgni milli þess að leggja aðra í einelti og ýmissa þátta. Gerendur sýna yfirleitt meiri mótþróa (*oppositonality*), eru árásgjarnir, hvatvísir og gengur verr í skóla (Carney og Merrell, 2001; van Lier og Crijnen, 2005). Þeir aðlagast verr félagslega (Campell, Spieker, Burchinal og Poe o.fl., 2006; Kumpulainen og Rasanen, 2000; Scholte o.fl., 2007; van Lier og Crijnen, 2005), hafa lakari stjórn á tilfinningum sínum, sýna einbeitingarskort og þjást af þunglyndi (Campell o.fl., 2006). Þau börn sem leggja önnur í einelti eru líklegri til að sýna andfélagsleg viðhorf og hegðun á unglingsárum (Barker, Arseneault, Brendgen, Fontaine og Maughan, 2008; Broidy o.fl., 2003; Harachi o.fl., 2006; Pepler, Jiang, Craig og Connolly, 2008; Schaeffer o.fl., 2006) og hafa ríkari tilhneiginu til að eiga í vandamálum tengdum ofbeldi og afbrotum þegar þau verða eldri (Barker o.fl., 2008; Klomek, Marrocco, Kleinman, Schonfeld og Gould, 2007; Klomek o.fl., 2009; Kumpulainen, 2008; Sourander o.fl., 2007; 2009). Þótt gerendur mælist yfirleitt félagslega sterkir og eigi að jafnaði góð samskipti við vini sína (Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2009; Undheim og Sund, 2010), fylgir eineltishegðuninni önnur ofbeldishegðun (Nansel, Overpeck, Haynie, Ruan og Scheidt, 2003). Þessir einstaklingar eru til dæmis mun líklegri til að gerast sekir um kynferðislega áreitni og ofbeldi gegn maka, börnum og öldruðum síðar á ævinni (Pepler, Craig og Connolly, 1997) og rannsókn Olweus (1989) sýndi fram á að 60% drengja sem lögðu aðra í einelti í 6.-9. bekk höfðu hlotið a.m.k. einn refsisdóm þegar þeir náðu 24 ára aldri. Raunar sýnir rannsókn Thunfors og Cornell (2008) að þrátt fyrir að gerendur séu almennt álitnir vinsælir meðal skólafélaganna, þá líkar fáum í raun vel við þá. Árásgirni kann því að vera leið til að ná félagslegri stöðu meðal grunnskólanema.

Nemendur sem bæði eru lagðir og leggja aðra í einelti glíma yfirleitt við enn meiri og fjölþættari vanda en þeir sem eru annað hvort bara þolendur eða bara gerendur (Burk o.fl., 2011). Þeir eru líklegri til að eiga við hvers kyns heilsufarsvandamál (Fekkes, Pijpers, Fredriks, Vogels og Verloove-Vanhorick, 2006; Williams, Chambers, Logan og Robinson, 1996; Wolke, Woods, Bloomfield og Karstadt, 2001) og lenda í afbrotum (Barker o.fl., 2008). Þessi börn sýna gjarnan bæði mikla árásgirni og þunglyndi, eiga frekar í námserfiðleikum auk þess að hafa lágt sjálfsmat (Fekkes, Pijpers, Verloove-Vanhorick, 2004; Perren og Alsaker, 2006; Undheim og Sund, 2010; Veenstra o.fl., 2005; Vernberg og Biggs, 2010).

Á Íslandi var Olweusaráætlunin gegn einelti innleidd í íslenska skóla árið 2002. Í stuttu máli byggir sú nálgun á hlýju og jákvæðum áhuga fullordinna og á ákveðnum reglum um óviðeigandi hegðun og viðbrögðum séu þær brotnar. Þá er lögð áhersla á ábyrgð fullordinna. Einnig er mikið lagt upp úr fræðslu, færniþjálfun og vitundarvakningu meðal starfsfólks skóla, nemenda og foreldra. Á vegum Olweusarverkefnisins var framkvæmd könnun áður en það var innleitt og síðan þremur árum seinna til samanburðar. Í ljós koma að tíðni eineltis á tímabilinu lækkaði um 25%. Einkum þótti niðurstaðan á unglíngastigi eftirtektarverð (Þorlákur Helgason, 2011). Rannsóknir okkar á Heilsu og lífshjúðunum skólábarna (Ársæll Arnarsson og Þóroddur

Bjarnason, 2009; Currie o.fl., 2008) hafa staðfest þessar niðurstöður. Markmið þeirrar rannsóknar sem hér er kynnt er að skoða hvort einhverjar breytingar hafi orðið á algengi eineltis meðal íslenskra skólabarna.

## Aðferð

### Þátttakendur

Rannsóknin *Heilsa og lífskjör skólanema* er íslenskur hluti alþjóðlegs verkefnis (Health Behaviour in School-Aged Children - HBSC) sem studd er af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO). Gögnum um heilsu og lífskjör ungs fólks er safnað á fjögurra ára fresti frá nemendum í 6., 8. og 10. bekk. Í síðustu fyrirlið tók 41 land þátt sem gerir þetta að einni umfangsmestu rannsókn á sínu sviði (Currie, Gabhainn, Godeau, Roberts, Smith, Currie o.fl., 2008). Á Íslandi er rannsóknin unnin af Rannsóknasetri forvarna við Háskólann á Akureyri með styrk frá Forvarnasjóði og Háskólasjóði KEA.

Skólaárið 2005-2006 var spurningalisti rannsóknarinnar lagður fyrir og fengust svör frá 11.813 börnum eða 88% heildarþýðisins. Skólaárið 2009-2010 var listinn svo aftur lagður fyrir í 161 grunnskóla hér á landi. Alls bárust svör frá 11.561 íslenskum börnum í 6., 8 og 10. bekk eða 87% þýðisins. Engum þátttakanda var skylt að svara spurningunum en tekið var fram í spurningalistanum að svörin væri trúnaðarmál.

### Mælitæki

Spurningalistinn sem lagður var fyrir 6. og 8. bekk samanstóð af 57 spurningum er varða heilsu og lífskjör skólanema en spurningalistinn sem var lagður fyrir 10. bekk samanstóð af 89 spurningum. Spurningarnar um einelti sem notaðar eru í HBSC-rannsókninni voru þróaðar af Dan Olweus (1996b). Nemendurnir voru spurðir hversu oft þeir hefðu verið lagðir í einelti og lagt aðra í einelti á undanförunum mánuðum. Á undan svarmöguleikunum fór skilgreining á einelti: „Hér er spurt um einelti. Sagt er að nemandi sé LAGÐUR Í EINELTI þegar annar nemandi eða hópur nemenda gera honum eitthvað óþægilegt eða andstyggilegt. Það er líka einelti þegar nemandi er stöðugt strítt á þann hátt sem honum líkar ekki eða þegar hann er viljandi skilinn útundan. Það er EKKI EINELTI ef tveir jafn sterkir nemendur rífast eða slást. Það er heldur EKKI EINELTI þegar nemandi er strítt á vinalegan eða gamansaman hátt. Svarmöguleikarnir voru fimm og spönnuðu frá engu einelti upp í einelti nokkrum sinnum í viku. Í þessari rannsókn var einnig unnið með svör við spurningum um kyn og aldur.

Í þessari rannsókn er ekki um úrtak að ræða heldur þýði og því var ekki notast við ályktunartölfræði.

## Niðurstöður

Í töflu 1 er sýndur samanburður á hlutfalli nemanda sem tengdist einelti hvort heldur sem gerendur, þolendur eða sem bæði gerendur og þolendur, annars vegar í könnuninni 2006 og hinsvegar 2010. Niðurstöðurnar eru einnig flokkaðar eftir aldri og kyni. Notast er við þá skilgreiningu Solberg og Olweus (2003) að einelti eigi sér stað í það minnsta tvisvar til þrisvar í mánuði. Eins og sést hefur heildaralgengi eineltis ekkert breyst á þessu fjögurra ára tímabili. Árið 2006 tengjast 8,8% nemenda einelti og fjórum árum seinna er þetta hlutfall 8,9%. Hinsvegar verður merkjanleg breyting á hlutfalli geranda og þolanda þessu tímabili. Í heildina fjölgar þeim sem verða fyrir einelti um 1,1 prósentustig; voru 4,2% árið 2006 en urðu 5,3% 2010. Á sama tíma fækkar þeim sem telja sig leggja aðra í einelti um 1,2 prósentustig; voru 3,6% árið 2006

en urðu 2,4% árið 2010. Strákum, sem verða fyrir einelti, fjölgaði um fjórðung en það var sérstaklega meðal þeirra yngstu sem þessi breyting sást. Stelpum, sem verða fyrir einelti, fjölgaði um þriðjung. Mesta fjölgunin var meðal elstu stúlkanna en breytingin meðal þeirra yngstu var einnig töluverð. Breytingin meðal gerenda er sérstaklega áberandi meðal tíundu bekkina, þar sem gerendum meðal stráka fækkar um þriðjung og stúlkna um tvo þriðju hluta. Þeim nemendum sem bæði verða fyrir einelti og leggja aðra í einelti fjölga lítillega með einni undantekningu; strákar í 6. bekk eru ólíklegri til að lenda í þessum flokki en áður.

Eins og sést í töflu 1 kemur í báðum fyrirlögnum könnunarinnar þ.e.2006 og 2010 fram sú tilhneiging að þolendum eineltis fækkar með hækkandi aldri svarenda. Þannig urðu 5,9% stráka í 6. bekk fyrir einelti árið 2006, samanborið við 2,8% stráka í 10. bekk. Sambærilegar tölur fyrir stelpur í sömu fyrirlögn voru 5,0% og 1,9%. Fækkun þolenda með hækkandi aldri kom líka fram í fyrirlögninni 2010, þar sem 8,3% stráka í 6. bekk en 3,0% í 10. bekk voru lagðir í einelti og 7,3% stelpna í 6. bekk en 3,0% í 10. bekk.

Áhrif aldurs á fjölda gerenda er hins vegar ekki alveg jafnaugljós í niðurstöðum þessarra tveggja fyrirlagna. Það má reyndar sjá nokkra aukningu gerenda með hækkandi aldri út úr gögnunum frá 2006, en það sama á ekki við þegar litið er á niðurstöðurnar frá 2010. Á tímabilinu minnkar kynjamunurinn sem var á hlutfallslegum fjölda þolenda en strákar eru áfram líklegri til að vera gerendur.

**Tafla 1. Algengi (%) eineltis meðal 6., 8. og 10. bekkina 2006 og 2010**

	Ekkert einelti %		Þolendur %		Gerendur %		Bæði %	
	2006	2010	2006	2010	2006	2010	2006	2010
Heild	91,2	91,1	4,2	5,3	3,6	2,4	0,9	1,1
Strákar	89,6	88,9	4,6	5,7	4,4	3,9	1,4	1,5
6. bekkur	89,0	86,9	5,9	8,3	3,0	3,4	2,1	1,4
8. bekkur	89,1	88,0	5,1	5,7	4,6	4,5	1,2	1,7
10. bekkur	90,7	91,8	2,8	3,0	5,6	3,7	0,9	1,5
Stelpur	94,3	93,4	3,7	5,0	1,7	1,0	0,3	0,6
6. bekkur	93,0	91,3	5,0	7,3	1,5	0,8	0,5	0,6
8. bekkur	94,6	93,6	4,2	4,8	1,0	1,2	0,2	0,4
10. bekkur	95,4	95,3	1,9	3,0	2,5	0,9	0,3	0,9

Til að athuga frekar aukningu þolenda og fækkun gerenda í fyrirlögnunum tveimur 2006 og 2010, greindum við með nákvæmum hætti fjölda gerenda. Skoðað var hvort fjölgun hefði verið meðal þeirra gerenda sem leggja aðra í einelti sjaldnar en tvisvar til þrisvar í mánuði og í öðru lagi hvort fleiri leggi aðra mjög oft í einelti. Niðurstöður greiningarinnar sjást í töflu 2. Eins og sést fjölga þeim nemendum, hlutfallega milli árána 2006 og 2010, sem aldrei segjast leggja aðra í einelti. Þetta á við um bæði kyn og alla aldurshópa sem til skoðunar voru. Sérstaklega virðist aukningin vera meðal stráka. Einnig er að sjá sem þeim fækki talsvert sem hafa lagt aðra í einelti einu sinni eða tvisvar og er fækkunin einkum afgerandi meðal elstu nemendanna af báðum kynjum. Hlutfall þeirra sem eru gerendur í einelti, tvisvar til þrisvar í mánuði, stendur nokkurn veginn í stað hjá strákum og stelpum í sjötta og áttunda bekk en minnkar mikið hjá elstu nemendum. Ekki eru sjáanlegar miklar breytingar á fjölda þeirra sem leggja aðra í einelti vikulega eða jafnvel oftar.

**Tafla 2. Fjöldi skipta sem nemar leggja aðra í einelti 2006 og 2010**

	Aldrei %		1-2 skipti %		2-3 í mán %		Vikulega %		Oftar %	
	2006	2010	2006	2010	2006	2010	2006	2010	2006	2010
Heild	79,1	83,1	17,2	13,4	2,1	1,9	0,8	0,7	0,9	0,9
Strákar	70,8	76,7	23,5	17,9	3,1	3,0	1,3	1,0	1,3	1,4
6. bekkur	72,0	73,4	23,0	21,7	2,3	3,1	1,5	1,0	1,2	0,8
8. bekkur	68,6	75,1	25,7	18,7	3,3	3,3	1,4	1,0	1,1	1,9
10. bekkur	72,0	81,4	21,9	13,5	3,6	2,6	1,0	1,0	1,5	1,5
Stelpur	87,4	89,7	10,7	8,8	1,0	0,8	0,3	0,3	0,5	0,5
6. bekkur	88,4	88,7	9,7	9,9	0,8	0,8	0,3	0,3	0,7	0,3
8. bekkur	86,5	88,4	12,3	10,0	0,8	0,8	0,2	0,4	0,2	0,3
10. bekkur	87,4	91,9	10,2	6,4	1,5	0,7	0,2	0,2	0,7	0,8

## Umræður

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að þótt heildarhlutfall barna sem tengist einelti sé það sama 2006 og 2010 hefur þolendum fjölgað en gerendum fækkað. Eins og í fyrri rannsókn eru strákar mun líklegri til að leggja aðra nemendur í einelti (Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2009) og þolendum fækkar í eldri bekkjunum. Í niðurstöðunum frá 2006 fjölgaði gerendum eftir því sem nemendurnir voru eldri en sú tilhneiging sést ekki í gögnunum frá 2010.

Þó að ýmsir geti lagt börn og unglinga í einelti er augljóst að flestir verða fyrir því af hendi skólafélaganna. Okkur er því nokkur vandi á höndum að útskýra hvernig getur staðið á hlutfallegri fækkun meðal þeirra nemenda sem leggja aðra í einelti á meðan þolendum fjölgar. Þar sem okkar rannsókn byggir á skilgreiningu Olweus (Olweus, 1996a; Solberg og Olweus, 2003) þá þarf einelti að eiga sér stað að minnsta kosti tvisvar til þrisvar í mánuði til að teljast sem slíkt. Það þýðir í fyrsta lagi, að þeir sem leggja aðra í einelti sjaldnar teljast ekki til gerenda og í öðru lagi, að allir þeir sem eru sannarlega gerendur eru flokkaðir í einn hóp og engin greinarmunur gerður frekar á því hversu oft hegðunin á sér stað. Þannig gæti ein skýringin verið sú að fleiri nemendur leggi nú nemendur í einelti en féllu í þann hóp sem gerir það sjaldnar en tvisvar til þrisvar í mánuði og falla því ekki undir skilgreiningu Solberg og Olweus (2003). Önnur væri sú að þeir nemendur sem falla undir sömu skilgreininguna sem gerendur árið 2010 leggi fleiri samnemendur í einelti en slíkir gerendur gerðu árið 2006. Nánari greining okkar á gerendum og hversu oft að meðaltali þeir leggja aðra í einelti hrekur báðar þessar tilgátur. Þeim nemendum sem stunda einelti sjaldnar en skilgreiningin tiltekur fækkar og fjöldi þeirra sem leggja oftast í einelti er óbreyttur milli 2006 og 2010 (tafla 2).

Mat á algengi eineltis er vandkvæðum bundið að hluta til vegna þess að það fer fram utan eftirlits fullorðinna og að hluta til vegna þess að það er svo háð upplifun þess sem í hlut á (Vernberg og Biggs, 2010). Flestum þykir sjálfsagt að hlutfall þolenda og gerenda meðal skólabarna ætti að sveiflast með sama hætti, þannig að fjölgun þeirra sem eru lagðir í einelti ætti að fylgja fjölgun þeirra sem leggja í einelti og öfugt og sýnt hefur verið frá á að inngríp með aðferðum Olweus (2004) draga bæði úr fjölda gerenda og þolenda, en þessi tengsl eru þó ekki alltaf sterk né ganga þau alltaf í sömu átt. Í rannsókn Pepler, Craig, Ziegler og Charach (1994) kom til dæmis fram að 18 mánuðum eftir innleiðingu inngríps gegn einelti í Toronto, fjölgaði þeim börnum sem töldu sig vera gerendur en þeim fækkaði sem töldu sig á sama tíma vera þolendur. Þó þróunin í þeirri rannsókn sé þveröfug við þá sem við sjáum benda báðar til þess að

slíkar mælingar byggist ekki einungis á hegðun barnanna heldur ekki síður hvernig þau túlka hana.

Niðurstöður okkar sem sýna fjölgun þolenda en fækkun gerenda benda hugsanlega til þess að hinn mikli árangur sem náðist til að draga úr algengi eineltis fyrir áratug hafi náð ákveðnu hámarki. Engu að síður er mjög mikilvægt að áfram sé hlúð að afrakstri þess starfs þar sem Ísland stendur afar vel á þessu sviði. Fleiri þolendur virðast nú reiðubúnir til að lýsa því yfir að þeir séu lagðir í einelti og er það vel. Hinsvegar kann að vera að ein af aukaverkunum aukinnar fræðslu um skaðsemi eineltis sé sú að færri nemendur horfist í augu við afleiðingar eigin gerða.

Greining Reijntjes og fleiri (2010) benti til að bæta mætti bæði hugtakaréttmæti og mælingar einelti og að skilgreining hugtaksins væri of víð og nauðsynlegt væri að greina betur á milli til dæmis beins og óbeins eineltis. Hluti af vandamálinu sem við stöndum frammi fyrir skýrist hugsanlega af óskýrri skilgreiningu á því hvernig spurt er um einelti. Það getur verið að nemendur, hvort heldur gerendur eða þolendur, leggi mjög mismunandi merkingu í hugtakið. Þannig kann að vera að mælingarnar þurfi að vera mun ítarlegri. Í nýlegri rannsókn Turner, og féлага (2011) var til að mynda spurt um sex meginþætti: líkamlegt ofbeldi (vera lamin/n, ýtt, sparkað í, verða fyrir ofbeldi á stefnumóti eða ráðist á með eða án vopna), hótanir (vera elt/ur, rífið í eða neydd/ur til að gera eitthvað gegn vilja), tilfinningalegt ofbeldi (uppnefnd/ur, strítt eða skilin/ út undan), kynferðislegt ofbeldi (kynferðisleg árás, tilraun til slíkrar árásar, einhver berar sig eða kynferðisleg áreitni), eignatap (stuldur eða eyðilegging eigna) og einelti á netinu (dreifing meiðandi mynda eða orða). Má vera að svo ítarlegar spurningar geti gefið rannsakendum skýrari mynd.

Þegar upp koma skelfileg tilfelli um afleiðingar eineltis í fjölmiðlum á Íslandi fer gjarnan af stað umræða um úrræðaleyfi skólakerfisins. Í henni er fólgin misskilningur, því einelti er ekki vandamál skólakerfisins heldur vandamál samfélagsins. Íslenska skólakerfið er hins vegar það vopn sem hefur reynst best í baráttunni gegn einelti. Í rannsókninni *Heilsa og lífskjör skólabarna* sem lögð var fyrir 204.534 nemendur á aldrinum 11-15 ára í 41 landi skólaárið 2005-2006, kom í ljós mikill breytileiki í algengi eineltis. Á heildina litið reyndist einelti fátíðast á Íslandi af öllum löndunum í rannsókninni (Currie o.fl., 2008) sem að miklu leyti má rekja til öflugss forvarnarstarfs hér á landi. Fyrir þau börn sem verða fyrir einelti, skipta slík meðaltöl að sjálfsögðu engu máli, en fyrir þá aðila sem láta sig málið varða ættu þau að vera bæði hvatning og brýning.

Sé Olweusar-áætlunin gegn einelti skoðuð, kemur í ljós að þar er mikil áhersla lögð á hlutverk fullorðinna í upprætingu eineltis, ekki bara þeirra sem starfa innan skólakerfisins heldur einnig foreldra (Þorlákur Helgason, 2011). Þannig mætti eflaust draga enn meira úr tíðni og áhrifum eineltis með því að ná betur til foreldra gerenda. Fátt hræðast foreldrar skólabarna sennilega meir en að börnin þeirra verði fyrir einelti. Það er hinsvegar full ástæða fyrir foreldra gerenda til að líta hegðun barna sinna jafn alvarlegum augum vegna þess að barn sem beitir skólafélaga sína ofbeldi og niðurlægingu er augljóslega ekki að tileinka sér hegðun sem leiðir til farsældar á fullorðinsárum. Skiljanlega eiga hinsvegar flestir foreldrar í erfiðleikum með að ímynda sér grimmd eigin afkvæmis og kannski verður tilhneiging flestra að gera lítið úr ábendingum kennara um annað.

Ýmiskonar forvarna- og inngripsáætlanir hafa verið þróaðar til að vinna gegn einelti. Rannsóknir hafa sýnt að þrátt fyrir að markmið þeirra séu óumdeilanleg sé árangurinn misjafn. Sum hafa sýnt sig hafa mjög jákvæð áhrif en önnur engin (Ryan og Smith, 2009). En nokkrar yfirlitgreinar sem kannað hafa áhrif eineltisforvarna hin síðari ár hafa verið afar svartsýnar á árangur þeirra (Merrell, Gueldner, Ross og Isava, 2008; Smith, Schneider, Smith og Ananiadou, 2004). Mikilvægt er að á Íslandi sé megináhersla lögð á þau inngrip sem rannsóknir hafa sýnt að hafi áhrif í rétta átt.

## Heimildir

- Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2009). Einelti og samskipti við fjölskyldu og vini meðal 6., 8. og 10. bekkinga. *Tímarit um menntarannsóknir*, 6, 15–26.
- Barker, E. D., Arseneault, L., Brendgen, M., Fontaine, N. og Maughan, B. (2008). Joint development of bullying and victimization in adolescence: relations to delinquency and self-harm. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, 47, 1030–1038.
- Boivin, M. og Hymel, S. (1997). Peer experiences and social self-perceptions: A sequential model. *Developmental Psychology*, 33, 135–145.
- Boivin, M., Hymel, S. og Bukowski, W. M. (1995). The roles of social withdrawal, peer rejection, and victimization by peers in predicting loneliness and depressed mood in childhood. *Development and Psychopathology*, 7, 765–785.
- Broidy, L. M., Nagin, D. S., Tremblay, R. E., Bates, J. E., Brame, B., Dodge, K. A., o.fl. (2003). Developmental trajectories of childhood disruptive behaviors and adolescent delinquency: A six-site, cross-national study. *Developmental Psychology*, 39(2), 222–245.
- Burk, L. R., Armstrong, J. M., Park, J. H., Zahn-Waxler, C., Klein, M. H. og Essex, M. J. (2011). Stability of early identified aggressive victim status in elementary school and associations with later mental health problems and functional impairments. *Journal of Abnormal Child Psychology*, 39, 225–238.
- Campbell, S. B., Spieker, S., Burchinal, M. og Poe, M. D. (2006). Trajectories of aggression from toddlerhood to age 9 predict academic and social functioning through age 12. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 47(8), 791–800.
- Carney, A. G. og Merrell, K. W. (2001). Bullying in schools – perspective on understanding and preventing an international problem. *School Psychology International*, 22(3), 364–382.
- Currie, C., Gabhainn, S. N., Godeau, E., Roberts, C., Smith, R., Currie, D. o.fl. (2008). *Inequalities in young people's health: HBSC international report from the 2005/2006 survey*. Kaupmannahöfn: WHO Regional Office for Europe.
- Egan, S. og Perry, D. G. (1998). Does low self-regard invite victimization? *Developmental Psychology*, 34, 299–309.
- Fekkes, M., Pijpers, F. I. M., Fredriks, A. M., Vogels, T. og Verloove-Vanhorick, S. P. (2006). Do bullied children get ill, or do ill children get bullied? A prospective cohort study on the relationship between bullying and health-related symptoms. *Pediatrics*, 117, 1568–1574.
- Fekkes, M., Pijpers, F.I. og Verloove-Vanhorick, S. P. (2004). Bullying behavior and associations with psychosomatic complaints and depression in victims. *Journal of Pediatrics*, 144(1), 17–22.
- Finnegan, R. A., Hodges, E. V. E. og Perry, D. G. (1996). Preoccupied and avoidant coping during middle childhood. *Child Development*, 67, 1318–1328.
- Goldbaum, S., Craig, W. M., Pepler, D. J. og Connolly, J. (2003). Developmental trajectories of victimization: Identifying risk and protective factors. *Journal of Applied School Psychology*, 19(2), 139–156.
- Hanish, L. D. og Guerra, N. G. (2000). Predictors of peer victimization among urban youth. *Social Development*, 9, 521–543.
- Harachi, T. W., Fleming, C. B., White, H. R., Ensminger, M. E., Abbott, R. D., Catalano, R. F., o.fl. (2006). Aggressive behavior among girls and boys during middle childhood: predictors and sequelae of trajectory group membership. *Aggressive Behavior*, 32, 279–293.
- Hawker, D. S. J. og Boulton, M. J. (2000). Twenty years' research on peer victimization and psychosocial maladjustment: A meta-analytic review of cross-sectional studies. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 41(4), 441–455.
- Juvonen, J., Nishina, A. og Graham, S. (2000). Peer harassment, psychological adjustment, and school functioning in early adolescence. *Journal of Educational Psychology*, 92, 349–359.
- Kaltiala-Heino, R., Rimpela, M., Marttunen, M., Rimpela, A. og Rantanen, P. (1999). Bullying, depression, and suicidal ideation in Finnish adolescents. *British Medical Journal*, 319, 348–351.
- Klomek, A. B., Marrocco, F., Kleinman, M., Schonfeld, I. S. og Gould, M. (2007). Bullying, depression, and suicidality in adolescents. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, 46, 40–49.



- Klomek, A. B., Sourander, A., Niemela, S., Kumpulainen, K., Piha, J., Tamminen, T., Almqvist, F. og Gould, M. S. (2009). Childhood bullying behaviors as risk for suicide attempts and completed suicides: A population-based birth cohort study. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, 48, 254–261.
- Kochenderfer, B. J. og Ladd, G. W. (1996). Peer victimization: manifestations and relations to school adjustment in kindergarten. *Journal of School Psychology*, 34, 267–283.
- Kochenderfer-Ladd, B. og Wardrop, J. L. (2001). Chronicity and instability of children's peer victimization experiences as predictors of loneliness and social satisfaction trajectories. *Child Development*, 72(1), 134–151.
- Kumpulainen, K. (2008). Psychiatric conditions associated with bullying. *International Journal of Adolescent Medicine and Health*, 20, 121–132.
- Kumpulainen, K. og Rasanen, E. (2000). Children involved in bullying at elementary school age: Their psychiatric symptoms and deviance in adolescence, an epidemiological sample. *Child Abuse and Neglect*, 24(12), 1567–1577.
- Kumpulainen, K., Raesaenen, E., Henttonen, I., Almqvist, F., Kresanov, K., Linna, S. L. o.fl. (1998). Bullying and psychiatric symptoms among elementary school-age children. *Child Abuse & Neglect*, 22, 705–717.
- Merrell, K. W., Gueldner, B. A., Ross, S. W. og Isava, D. M. (2008). How effective are school bullying intervention programs? A meta-analysis of intervention research. *School Psychology Quarterly*, 23, 26–42.
- Nansel, T. R., Overpeck, M. D., Haynie, D. L., Ruan, W. J. og Scheidt, P. C. (2003). Relationships between bullying and violence among US youth. *Archives of Pediatric and Adolescent Medicine*, 157(4), 348–353.
- Olweus, D. (1989). Prevalence and incidence in the study of antisocial behavior: Definitions and measurement. Í M. Klein (ritstjóri), *Cross-national research in self-reported crime and delinquency* (bls. 187-201). Dordrecht, Holland: Kluwer.
- Olweus, D. (1996a). Bullying at school: knowledge base and effective intervention program. *Annals of the New York Academy of Sciences*, 794, 265-276.
- Olweus, D. (1996b). *The revised Olweus bully/victim questionnaire*. Bergen: University of Bergen.
- Olweus, D. (2004). The Olweus bullying prevention programme: design and implementation issues and a new national initiative in Norway. Í Smith, P. K., Pepler, D. J. og Rigby, K. (ritstjórar), *Bullying in school: How successful can intervention be?* (bls. 13-36). Cambridge University Press: Cambridge
- Olweus, D. og Limber, S. (2010). Bullying in school: Evaluation and dissemination of the Olweus bullying prevention program. *American Journal of Orthopsychiatry*, 80, 124-134.
- Patchin, J. W. og Hinduja, S. (2006). Bullies move beyond the schoolyard: A preliminary look at cyberbullying. *Youth Violence and Juvenile Justice*, 4, 148–169.
- Pepler, D. J., Craig, W. M. og Connolly, J. (1997). *Bullying and victimization: The problems and solutions for school-aged children*. Factsheet prepared for the National Crime Prevention Council of Canada. Ottawa: National Crime Prevention Centre, Department of Justice.
- Pepler, D. J., Craig, W. M., Ziegler, S. og Charach, A. (1994). An evaluation of an anti-bullying intervention in Toronto Schools. *Canadian Journal of Community Mental Health*, 13(2), 95-110.
- Pepler, D., Jiang, D., Craig, W. M. og Connolly, J. (2008). Developmental trajectories of bullying and associated factors. *Child Development*, 79(2), 325–338.
- Perren, S. og Alsaker, F. D. (2006). Social behavior and peer relationships of victims, bully-victims, and bullies in kindergarten. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 47(1), 45-57.
- Reijntjes, A., Kamphuis, J. H., Prinzie, P. og Telch, M. J. (2010). Peer victimization and internalizing problems in children: A meta-analysis of longitudinal studies. *Child Abuse & Neglect*, 34, 244-252.
- Ryan, W. og Smith, J. D. (2009). Antibullying programs in schools: How effective are evaluation practices? *Prevention Science*, 10, 248-259.
- Schaeffer, C. M., Petras, H., Ialongo, N. S., Masyn, K. E., Hubbard, S., Poduska, J. o.fl. (2006). A comparison of girls' and boys' aggressive-disruptive behavior trajectories across elementary school: Prediction to young adult antisocial outcomes. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 74(3), 500–510.

- Scholte, R. H. J., Engels, R. C. M. E., Overbeek, G., de Kemp, R. A. T. og Haselager, G. J. T. (2007). Stability in bullying and victimization and its association with social adjustment in childhood and adolescence. *Journal of Abnormal Child Psychology*, 35(2), 217–228.
- Schwartz, D., Gorman, A. H., Nakamoto, J. og Toblin, R. L. (2005). Victimization in the peer group and children's academic functioning. *Journal of Educational Psychology*, 97(3), 425–435.
- Smith, J. D., Schneider, B. H., Smith, P. K. og Ananiadou, K. (2004). The effectiveness of whole-school anti-bullying programs: A synthesis of evaluation research. *School Psychology Review*, 33, 548–561.
- Solberg, M. E. og Olweus, D. (2003). Prevalence estimation of school bullying with the Olweus bully/victim questionnaire. *Aggressive Behavior*, 29(3), 239–68.
- Sourander, A., Jensen, P., Rønning, J. A., Elonheimo, H., Niemela, S., Helenius, H., Kumpulainen, K., Piha, J., Tamminen, T., Moilanen, I. og Almqvist, F. (2007). Childhood bullies and victims and their risk of criminality in late adolescence. *Archives of Pediatric and Adolescent Medicine*, 161, 546–552.
- Sourander, A., Rønning, J., Brunstein-Klomek, A., Gyllenberg, D., Kumpulainen, K., Niemela o.fl. (2009). Childhood bullying behavior and later psychiatric hospital and psychopharmacologic treatment. *Archives of General Psychiatry*, 66, 1005–1012.
- Thunfors, P. og Cornell, D. (2008). The popularity of middle school bullies. *Journal of School Violence*, 7, 65–82.
- Turner, H. A., Finkelhor, D., Hamby, S. L., Shattuck, A. og Ormrod, R. K. (2011). Specifying type and location of peer victimization in a national sample of children and youth. *Journal of Youth and Adolescence*, 40(8), 1052-1067.
- Undheim, A. M. og Sund, A. M. (2010). Prevalence of bullying and aggressive behavior and their relationship to mental health problems among 12- to 15-year-old Norwegian adolescents. *European Child and Adolescent Psychiatry*, 19, 803-811.
- van Lier, P. A. C. og Crijnen, A. A. M. (2005). Trajectories of peernominated aggression: Risk status, predictors and outcomes. *Journal of Abnormal Child Psychology*, 33(1), 99–112.
- Veenstra, R., Lindenberg, S., Oldehinkel, A. J., De Winter, A. F., Verhulst, F. C., og Ormel, J. (2005). Bullying and victimization in elementary schools: A comparison of bullies, victims, bully/victims, and uninvolved preadolescents. *Developmental Psychology*, 41(4), 672-682.
- Vernberg, E. M. og Biggs, B. K. (2010). *Preventing and treating bullying and victimization*. Oxford: Oxford University Press.
- Williams, K., Chambers, M., Logan, S. og Robinson, D. (1996). Association of common health symptoms with bullying in primary school children. *British Medical Journal*, 313, 17.
- Wolke, D., Woods, S., Bloomfield, L. og Karstadt, L. (2001). Bullying involvement in primary school and common health problems. *Archives of Disease in Childhood*, 85, 197–201.
- Þorlákur Helgason. (2011). *Eineltisáætlun*. Sótt 5. október 2011 af <http://olweus.is/eineltisaaetlun.cfm>